

SAMÞYKKT

um kattahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Kattahald í Stykkishólmi sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína hjá Stykkishólmsbæ. Aldrei skal halda fleiri en tvo ketti, eldri en þriggja mánaða, á sama heimili. Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

3. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

4. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

5. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

6. gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri.

Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

7. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

8. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum Stykkishólmsbæjar eða aðilum á þeirra vegum er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

9. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að uppfylla ákvæði 2. gr. samþykktarinnar er gefinn til 1. apríl 2005. Þeir sem halda fleiri en 2 ketti á sama heimili við gildistöku samþykktar þessarar skulu gera sérstakt samkomulag um kattahald sitt við Stykkishólmsbæ fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. desember 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.